47 4. júní 25 árum samfleytt frá lántökudegi að telja og að lánið sje fengið með svo vægum vaxtakjörum, sem unnt er.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að lán þetta getur eigi orðið veitt úr landssjóði.

48 4. júní **Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi* **um prestakallalán, handa Vestmannaeyjaprestakalli.** Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu 28. f. m., og beiðni hlutaðeiganda, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess, að presturinn í Vestmannaeyjum, sjera Oddgeir Gudmundsen, taki 1200 kr. embættislán upp á prestakallið til að endurreisa íbúðarhús prestakallsins, með þeirri stærð og í því formi, sem gjört er ráð fyrir í brjefi yðar og skjölum þeim, er því fylgdu. Þriðjungur láns þessa skal eigi borgast lántakanda fyrri en áreiðanlega er sannað, að húsið sje fullgert og fullnægi hinum settu skilyrðum. Að öðru leyti er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að lánið endurborgist með jöfnum árlegum greiðslum í lengsta lagi á 24 árum auk vaxta, og að lánið sje fengið með svo vægum vaxtakjörum, sem unnt er.

Jafnframt því að tjá yður þetta til leiðbeiningar og frekari birtingar, skal það tekið fram, að jeg sje mjer ekki fært að veita lán þetta úr landssjóði.

49 29. apríl

Samþykkt

um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum í Vestmannaeyjasýslu.

Sýslunefndin í Vestmannaeyjasýslu hefir samkvæmt lögum 14. desbr. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lögum 4. des. 1886, um breyting á fyrnefndum lögum, gjört og hjeraðsfundur þar fallizt á eptirfylgjandi:

Samþykkt

um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum í Vestmannaeyjasýslu.

1. gr.

Í febrúarmánuði skal eigi róið til fiskjar á nóttu fyr en kl. 4, frá 1.—20. marzmánaðar eigi fyr en kl. 3, frá 20. marzmánaðar til 20. aprílmánaðar eigi fyr en kl. 2 og frá 20. aprílmánaðar til vetrarvertíðarloka eigi fyr en kl. 1 f. hádegi.

2. gr.

Á hverju vetrarvertíðarskipi skulu ávallt, er út er róið til fiskjar, vera að minnsta kosti 8 pottar af lýsi eða olíu, og sömuleiðis áreiðanlegur kompás. Formaður hefir ábyrgð á því, að þessa sje gætt.

3. gr.

Formenn skulu gæta þess, að leggja ekki á »Leiðina« of nærri hver öðrum, heldur með hæfilegu millibili. Ef nokkuð er að »Leiðinni«, má eigi leggja

opnum skipum á hana, hverju á móti öðru, heldur skal beðið eptir því skipinu, sem á »Leiðina« er lagt; en það skipið hefir forgangsrjett, er af sjó kemur. 49 29. apríl

4. gr.

Sýslunefndin í Vestmannaeyjasýslu kýs ár hvert 3 sjómenn í nefnd til þess að gæta þess, að fyrirmælum samþykktar þessarar sje fylgt. Enginn, sem stundar fiskiveiðar í sýslunni, getur skorazt undan kosningu. Ber gæzlumönnum að kæra fyrir lögreglustjóra brot gegn samþykktinni, þegar er þeim verður kunnugt um þau.

5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 5—50 króna, er renna að helmingi í sveitarsjóð, en hinn helmingurinn tilfellur þeim, er brotinu kemur upp.

* * *

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest af undirskrifuðum amtmanni til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1901, og kunngjörð öllum hlutaðeigendum til eftirbreytni.

Íslands Suðuramt, Reykjavík 29. apríl 1901.

J. Havsteen.

Ferjulög 50

fyrir 17. maí

Árnessýslu.

1. gr.

Ferjur eru annaðhvort frjálsar eða lögferjur.

2. gr.

Frjálsa ferju má hver sá taka upp, sem býr við ferjustað, ef þar er eigi lögferja. Þó má sýslunefnd banna slíka ferju, ef til hennar er notaður sá bátur, er lífsháski getur af hlotizt. Að öðru leyti eru viðskipti slíks ferjumanns og ferðamanna komin undir frjálsum samningi.

3. gr.

Sýslunefnd ákveður lögferjur.

4. gr.

Abúendur jarða þeirra, er að ferjustað liggja, eru skyldir til að halda lögferjur samkvæmt fyrirmælum sýslunefndar. Hafa þeir ábyrgð á, að ferjan sje stunduð svo, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

5. gr.

Nú er fleirbýli á jörð við ferjustað og halda ábúendur þá ferjuna í samfjelagi, eptir því sem þeir verða ásáttir. Þó skal einn þeirra jafnan hafa forstöðu fyrir ferjunni, og nefnist sá ferjubóndi. Hann ber aðalábyrgð ferjuhaldsins, en hinir eru skyldir að hlýða honum. Sýslunefnd nefnir ferjubónda.